

UMSÖGN um viðaukabeiðni (rekstrarkostnaður)

Viðtakandi: Bæjarráð

Sendandi: Fjármálasvið

Umsögn fjármálasviðs um fyrirbyggjandi beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2025.

Viðaukabeiðnin er vegna umsókna þriggja einstaklinga um notendasamninga, þar af tvær v. NPA samninga og ein umsókn um beingreiðslusamning.

Óskað er eftir samtals 58,2 m.kr. hækkunar á fjárheimild nettó, eða 151,5 m.kr. hækkun á fjárheimild velferðarsvið og á móti tekjuhækkun vegna áætlaðra hækkunar greiðslna frá Jöfnunarsjóði (36,6 m.kr) og vegna áætlaðra hækkunar á endurgreiðslu ríkisins vegna SIS mats 56,6 m.kr. + v. beingr.samn.).

Beiðni	Kostnaður pr ár (kr.)	Áætl.greiðslur frá Jöfnunarsj.(kr.)	Endurgr. V. SIS mats (kr.)	Fjárhæð beiðni (kr.)
1.NPA samn.	69.081.360	17.270.340	32.016.600	19.794.420
2.NPA samn.	77.403.360	19.350.840	24.627.750	33.424.770
3.Beingr.samn.	5.016.240	0	?*	5.016.240
SAMTALS	151.500.960	36.621.180	56.644.350	58.235.430

*Eins og fram kemur í greinargerð hefur SIS mat ekki verið gert á þennan einstakling en talið er að einstaklingurinn verði metinn í flokki 10, 11, 12 eða 13. Endurgreiðslur á ársgrundvelli í þessum flokkum er á bilinu 23,5 m.kr. til 30,5 m.kr. Þetta eru mun hærri fjárhæðir en kostnaður vegna þeirrar þjónustu sem óskað er eftir fjárheimild fyrir (60 tímar á mánuði). Í greinargerðinni kemur einnig fram að líklegt sé að óskað verði eftir frekari stuðningi þegar SIS mat verður samþykkt.

Fjárhæð beiðninnar um viðauka miðast við að þjónusta sé veitt allt árið 2025, en þar sem viðaukinn er ekki lagður fram fyrr en í febrúar verður ekki unnt að veita þjónustuna / gera samningana fyrr en í feb / mars. Fjárhæð viðaukans er því hlutfallaður m.v. fjölda mánaða á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að þjónustan muni halda áfram á næstu árum.

Útreikningur á áætluðum kostnaði á árinu 2025, gerir ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum. Fjárhæð á endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar út frá fjárhæðum endurgreiðslna síðasta árs auk 5% hækkunar en þær fjárhæðir hafa ekki fengist staðfestar hjá Jöfnunarsjóði.

25% ENDURGREIÐSLA FRÁ RÍKINU – ÞRÓUN Á NÆSTU ÁRUM

Þessi 25% endurgreiðslufjárhæð gæti verið ofáætluð því búast má við að 25% framlög vegna kostnaðar við NPA samninga, lækki eftir því sem samningum fjölgar og fjárhæð samninga hækkar. Ástæðan er sú að ríkið flutti fjármagn varanlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í fjárlögum ársins 2025. Fjárhæðin nam meðalfjárhæð samninga ársins 2023, u.þ.b. 46 m.kr., vegna 172

samninga um NPA. Með þessari breytingu telur ríkið að búið sé að fullfjármagna framlag þeirra með NPA samningum.

Framlagið mun taka hækkunum vegna verðlagsbreytinga í takt við þær forsendur sem ríkið gefur sér út frá þjóðhagssþá og verðlagsforsendum fjárlaga hverju sinni. Það gildir þó í báðar áttir, því ef ríkið ákveður að leggja aðhaldskröfu á starfsemi í A-hluta ríkissjóðs munu framlög ríkisins til NPA samninga taka aðhaldskröfu eins og allur rekstur ríkisins það árið. Ekki er gert ráð fyrir viðbótarframlögum ef samningum fjölga eða samningsfjárhæðir hækka umfram þessar verðlagsforsendur.

Búast má við því að samningum fjölgi og einnig er hætta á því að samningsfjárhæð hækki og fjárhæð þeirra samninga sem nú er óskað eftir fjármagni vegna eru mun hærri en meðalfjárhæðin sem sett var inn í Jöfnunarsjóð. Því má búast við því að það framlag sem lagt var upp með að yrði 25% af kostnaði við NPA samninga, þynnist smám saman út og verði minna og minna hlutfall af kostnaðinum. Í framtíðinni má því búast við að hlutur Kópavogs í þjónustunni aukist. Það er töluverð óvissa hvað þetta varðar.

LÖG / REGLUGERÐ UM ÞJÓNUSTU SVEITARFÉLAGA ER SNÚA AÐ FÖTLUÐUM OFL. OG REGLUR KÓPAVOGSBÆJAR

Nauðsynlegt er að horfa til þess hverjar skyldur sveitarfélagsins eru þegar lagt er mat á það hvort samþykkinga eigi viðauka við fjárhagsáætlun. Skyldur sveitarfélagsins eru miklar, bæði varðandi þjónustu við íbúa og einnig varðandi ábyrgja fjármálastjórn. Í þessum tilgangi er farið yfir nokkur ákvæði laga, reglna og reglugerða sem gilda um þjónustu við fatlað fólk. Í næsta kafla verður svo fjallað um skyldur sveitarfélaga varðandi fjármál.

Eins og kemur fram í greinargerð með viðaukabeiðninni er fjallað um lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

- Í 11. gr. laganna, 1.mgr. segir: „einstaklingur á rétt á notendastýrðri persónulegri aðstoð hafi hann mikla og viðvarandi þörf fyrir aðstoð við þjónustu...”
- Í 34.gr.laganna, 1. mgr. segir: „Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði..“
- Í 2.mgr. sömu greinar segir „Ráðherra setur reglugerð um biðlista, forgangsörðun og úrræði á biðtíma í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.“
- Í 38.gr. laganna segir: „Sveitarfélög skulu fjármagna þjónustu við fatlað fólk og annan rekstrarkostnað samkvæmt lögum þessum að því leyti sem annað er ekki tekið fram eða leiðir af öðrum lögum. Jafnframt skulu sveitarfélög standa að uppbyggingu á þjónustustofnunum fyrir fatlað fólk með framlögum til stofnkostnaðar eftir því sem nauðsyn krefur. Sveitarfélög skulu árlega gera fjárhagsáætlanir um útgjöld til málefna fatlaðs fólks í samræmi við þá þjónustu sem þeim bera að veita á grundvelli þessara laga.

Í reglugerð 1035/2018 sem tekur til stoðþjónustu (ekki NPA samninga) um biðlista, forgangsörðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu segir:

- 3. gr. Hljóðar svo: „Ef ekki er unnt að veita samþykkt þjónustu innan þriggja mánaða skal tilkynna umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað sé að þjónusta geti hafist. Þá skal setja umsókn á biðlista. Ástæður sem geta réttmætt tafir á að samþykkt þjónusta hefjist eru mannekla, nægjanlegt fjármagn er ekki fyrir hendi á umsóknarárinu samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eða önnur úrræði eru ekki til staðar.....“

Í reglugerð 370/2016 um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk segir:

- Í 8.gr. „Nú hefur umsókn um húsnæðisúrræði samkvæmt reglugerð þessari verið samþykkt en ljóst er að ekki muni unnt að útvega það innan þriggja mánaða, skal þá tilkynna umsækjanda um ástæður tafanna og hvenær fyrirhugað sé að húsnæðisúrræði geti verið tilbúið. Þá skal setja umsókn á biðlista. Þegar umsækjanda er tilkynnt um að hann sé kominn á biðlista skal unnin áætlun um útvegum viðeigandi húsnæðisúrræðis og hvort og þá hvers konar annað úrræði standi umsækjanda til boða á biðtíma.“

Í reglum Kópavogsbæjar segir eftirfarandi í 7.gr. „.....Ef umsókn er samþykkt skal setja fyrirvara um samþykki fyrir hlutdeild ríkisins í samningsfjárhæð (25%) og að kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins rúmist innan fjárhagsáætlunar.“

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3204/2023 var það staðfest að lögmætt er að binda veitingu NPA því skilyrði að móttframlag berist frá ríkinu. Í því máli var jafnframt tekið fram að stefnandi hafi verið í sérstöku húsnæðisúrræði á vegum sveitarfélagsins með sólarhrings þjónustu og því ekki ráðið að önnur þjónusta hafi verið viðeigandi þar til NPA þjónusta hófst.

Ljóst er, samkvæmt þessum lögum, reglum og reglugerðum, að þrátt fyrir ríkan rétt íbúa þá er það skýrt að útgjöld verða að rúmast innan fjárheimilda. Ef ekki er til fjármagn fyrir þjónustunni, þá er hægt að setja beiðnir á biðlista. Vert er að benda á að ákvæðin varðandi þjónustu við fatlað fólk og varðandi húsnæðisútvegum eru með mjög álíka ákvæði um biðlista.

LÖG UM FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGANNA

Fjármálasvið bendir á að fjárhagsáætlunir eru bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 63.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt 2.mgr. sömu greinar er kveðið á um að óheimilt sé að víkja frá fjárhagsáætlun nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Viðauki er þó ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Þá skulu skv. 64.gr. sveitarstjórnarlaga **samanlögð heildarútgjöld sveitarfélagsins á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum** og skuldir og skuldbindingar sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150%. Vegna fjárhagslegra áhrifa af Covid-19 faraldrinum samþykkti alþingi með 13. gr. Laga nr. 25/2020 og 2.gr. laga nr. 22/2021 að vikið yrði til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga skv. ákvæði 64.gr. um jafnvægis- og skuldareglu sveitarstjórnarlaga tímabundið til loka árs 2025.

ÞRIGGJA ÁRA JAFNVÆGISREGLA OG ÁHRIF VIÐAUKA Á FJÁRHAG NÆSTU ÁRA

Frá 1. janúar 2026 tekur jafnvægisreglan aftur gildi og þá þarf jafnvægi tekna og útgjalda að vera á hverju þriggja ára tímabili, hinu fyrsta 2024-2026. Afgangur / halli á árunum 2024 og 2025 mun því koma inn í þriggja ára samtöluna 2024-2026. Rekstrarniðurstaða ársins 2024 liggur ekki fyrir en í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2025 er áætlað að rekstrarafgangur verði 232 milljónir

króna. Velferðarsvið óskar eftir viðauka að fjárhæð 58,2 milljónir króna sem eru u.þ.b. 25% af áætluðum rekstrarafgangi ársins. Gera má ráð fyrir að hækkun fjárheimildar sé ekki tímabundin á þessu ári, heldur mun þjónustan við þessa einstaklinga halda áfram.

Jafnframt er óvíst hvort 25% móttframlagið muni minnka eftir því sem NPA samningum fjölga.

Gera þarf ráð fyrir að þjónustan haldi áfram á næstu árum og ef 25% framlag ríkisins lækkar, þá mun það hafa áhrif til hækkunar á nettó rekstrarkostnaði allra NPA samninga þegar þar að kemur.

ER HÆGT AÐ FJÁRMAGNA VIÐBÆTUR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD MEÐ FLUTNINGI FJÁRHEIMILDA AF ÖÐRUM MÁLAFLOKKUM / DEILDUM?

Mikilvægt er að skoða hvort unnt sé að fjármagna viðauka annarsstaðar í rekstri bæjarins. Hér er farið yfir nokkur atriði sem vert er að staldra við og skoða hvort unnt sé að flytja fjárheimildir á milli málaflokka / deilda til að fjármagna viðaukabeiðnina.

1. Núverandi þjónusta við skjólstæðing og/eða þjónusta við aðra sem fallið hefur niður.

Einn af þessum skjólstæðingum er með þjónustu hjá bænum í dag. Skv. upplýsingum frá velferðarsviði er ekki unnt að flytja það fjármagn til. Eitt stöðugildi var nýtt tímabundið og tekið úr öðru verkefni. Til viðbótar fær þessi aðili þjónustu úr sértæku heimaþjónustunni en erfitt er að segja hve mikið, það fer eftir því hvað mikið svigrúm er hjá starfsfólki.

Tveir skjólstæðingar hættu með NPA þjónustu á síðasta ári. Skv. upplýsingum frá velferðarsviði hefur það fjármagn verið nýtt í annað að hluta til, en fjárheimild NPA samninga var lækkuð á milli árána 2024 og 2025 um u.þ.b. 45 m.kr. vegna þessara tveggja einstaklinga sem hættu með NPA samninga.

2. Málaflokkar / deildir þar sem afgangur hefur verið.

Ef horft er til Velferðarsviðs þá hefur fjárhagsaðstoð verið töluvert undir áætlun, 70-80 m.kr. á árinu 2024. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 var áætlun fjárhagsaðstoðar lækkuð töluvert (60 m.kr.+). Húsnæðisstuðningur hefur verið tæpar 70 m.kr. undir áætlun. Velferðarsvið hefur lagt til að þak á sérstökum húsnæðisstuðningi verði hækkað og ef það verður gert, mun þessi afgangur minnka. Ekki liggur fyrir hvort og hve mikið þaki verður breytt og ekki liggur fyrir hvaða áhrif það hefur á afkomu þessa hluta.

Það er stutt liðið á árið og því liggur ekki fyrir hvort einhverjar starfsstöðvar verða undir áætlun.

HVAÐA ÞJÓNUSTU ER BOÐIÐ UPPÁ EF NPA / BEINGREIÐSLUBEIÐNIR ERU SETTAR Á BIÐLISTA OG HVER ER ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA ÞEIRRAR ÞJÓNUSTU?

Velferðarsvið hefur reynt að meta þá þjónustu sem viðkomandi einstaklingum yrði boðið uppá ef beiðni þeirra um notendasamninga yrði hafnað. Þeirra mat er að einstaklingarnir sem óskað hafa eftir NPA samningum myndu báðir fá sólarhringsþjónustu og til þess þyrfti 5,1 stöðugildi fyrir hvorn aðila. Áætlaður kostnaður við þjónustu við hvorn fyrir sig yrði 60-65 m.kr. auk veikindakostnaðar og orlofs.

ANNAÐ

Við vinnslu þessarar umsagnar hafa komið í ljós atriði sem gott væri að hafa betri yfirsýn yfir / betri stjórn á og því lagt til að farið verði í ákveðna vinnu.

Þjónustumagn – þjónusta velferðarsviðs og / eða notendasamningar

Mikilvægt er að ætíð sé góð yfirsýn yfir þjónustumagn sem velferðarsvið veitir ásamt framlögum ríkisins og geta tengt saman annars vegar kostnað við þjónustu / samning velferðarsviðs við endurgreiðslur frá ríkinu / Jöfnunarsjóði, með sem sjálfvirkustum hætti. Það getur verið hreyfing á fólki sem nýtur stuðnings á milli sveitarfélaga og á milli stuðningsforma. Þannig hættu tveir einstaklingar með NPA samninga á síðasta ári, annar fór í annarskonar þjónustu og hinn flutti í nýtt sveitarfélag. Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert þyrfti að liggja fyrir upplýsingar um samninga, kostnað þeirra, áætluð framlög pr. einstakling frá Jöfnunarsjóði, kjarasamningsbreytingar auk upplýsinga um fyrirséðar breytingar.

Einnig er mikilvægt að ef gerðar eru breytingar á fjárheimildum einstakra starfsstöðva (sbr. fjárhagsaðstoð) við gerð fjárhagsáætlunar (hvort sem það er til hækkunar eða lækkunar), sé upplýst um það og einnig hvernig fjármagnið er nýtt ef því er ekki „skilað.“

Lagt er til að velferðarsvið vinni að því að koma gögnum (ópersónugreinanlegum) inn í vöruhús gagna með aðstoð fjármálasviðs og UT deildar.

NPA samningar – ákvæði samnings þ.m.t. fjárhæðir

Lagt er til að farið verði yfir verklag við samningagerð vegna NPA samninga og yfirfarið hvernig einingaverð eru útreiknuð, en svo virðist sem bærinn noti samningsform NPA miðstöðvarinnar og þ.m.t. fjárhæðir / einingaverð. Svo virðist sem sama gildi um önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að þessi vinna verði unnin í samvinnu við önnur sveitarfélög, helst á vettvangi SSH.

18. feb. 2025

Dags:

Kristín Egilsdóttir

Kristín Egilsdóttir